



Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 20. mars 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 (samræming við EES-reglur)

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 (samræming við EES-reglur, 129. mál. Í athugasemdum í greinargerð kemur fram að meginmarkmið frumvarpsins sé að breyta lögum um umhverfismat og áætlana þannig að lagaumhverfið hérlandis sé ekki meira íþyngjandi en þörf er á samkvæmt lágmarkskröfum þeirra EES-gerða sem því er ætlað að innleiða. Frumvarpið sé afrakstur vinnu við endurskoðun á innleiðingu EES-gerða í framangreinda löggjöf með það að markmiði að leggja fram frumvarp til að færa löggjöfina að þeim lágmarkskröfum sem gerðar eru í EES-gerðum. Vinnan var viðbragð við skýrslu Dr. Margrétar Einarsdóttur sem birt var 24. janúar 2024 undir heitinu *Skýrsla um innleiðingu EES-gerða í landsrétt – Hefur „gullhúðun átt sér stað á málefnasviði umhverfis-orku og loftlagsráðuneytisins á tímabilinu 2010 til 2022?*

Samtökin fagna frumvarpinu og lýsa yfir eindregnum stuðningi við samþykkt þess. Þó vilja samtökin hvetja stjórnvöld til að skoða hvort ástæða sé til að gera breytingar á fleiri ákvæðum sem hafa verið innleiddar í löggjöfina með of íþyngjandi hætti.

Umhverfismat skipulagsáætlana

Í frumvarpinu er lögð til breyting á a-lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 111/2021. Í athugasemdum í greinargerð kemur fram að samkvæmt núgildandi ákvæði þurfi allar skipulagsáætlanir að fara í mat á umhverfisáhrifum þó þær séu ekki líklegar til að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið, eins og áskilið er í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið. Sé því gengið lengra en framangreind tilskipun gerir kröfu um. Áhrif þessa séu þau að í mörgum tilvikum sé verið að meta áhrif skipulagsáætlana með gerð umhverfismatsskýrslu þrátt fyrir að áætlanirnar lúti ekki að framkvæmdum sem falla undir lögin. Er því lagt til að framangreint ákvæði verði breytt til samræmis við tilskipunina enda engin rök fyrir því að íslenskt regluverk geri ríkari kröfur að þessu leyti.

Lengd og þvermál leiðslna til flutnings á efnum/efnasamböndum

Í frumvarpinu er lögð til breyting á tölul. 3.08 og 3.09 í 1. viðauka við lög nr. 111/2021. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að töluliðirnir hafi verið settir til innleiðingar á 16. tölul. I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/92/EB um mat



á áhrifum sem tiltekna framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið. Samkvæmt tilskipuninni þarf einungis að meta umhverfisáhrif af leiðslum sem eru meira en 80 cm í þvermál og lengri en 40 km til flutninga á: a) á gasi, olíu, íðefnum, og b) koltvísýringsstraumum til geymslu í jörðu, þ.m.t. viðkomandi þjöppunarstöðvar. Samkvæmt tölul. 3.08 og 3.09 þarf hins vegar ávallt að meta umhverfisáhrif af leiðslum sem eru 10 km eða lengri og 50 cm eða meira í þvermál. Samtökin benda á að engin rök eru fyrir því að gera ríkari kröfu að þessu leyti en tilskipunin kveður á um. Er því lagt til að viðmiðunarmörk leiðslanna verði breytt til samræmis við tilskipunina.

Samtökin hvetja stjórnvöld til að skoða einnig tölul. 10.06, 10.07, 2.01, 10.15 og 11.2 í viðauka 1 við lög nr. 111/2021 sem innleiddu b-lið og c-lið 7. gr., 9. gr., 10. gr, 19. gr. og 20. gr. viðauka I við tilskipun 2011/92/EB. Sjá nánar samanburð í neðangreindri töflu:

ESB	Ísland	Athugasemd
7b) Construction of motorways and express roads	10.06 Lagning hraðbrauta og sambærilegra vega, svo sem lagning nýrra vega með aðskildum akstursstefnum og mislægum vegamótum.	Ísland hefur túlkað þetta sem svo að mislæg gatnamót ein og sér þurfi að fara í umhverfismat. T.d. gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðarvegur, sem er í raun bara einn rampur og breyting á gatnamótum inni í þéttbýli, en er núna í umhverfismati. Þetta virðist vera mun strangari túlkun en í ESB.
7c) Construction of a new road of four or more lanes, or realignment and/or widening of an existing road of two lanes or less so as to provide four or more lanes, where such new road or realigned and/or widened section of road would be 10 km or more in a continuous length.	10.07 Lagning nýrra vega sem eru 10 km eða lengri eða breiðkun vega úr tveimur akreinum í a.m.k. fjórar sem eru 10 km eða lengri.	Ísland setur alla vegi lengri en 10 km í umhverfismat. Í ESB á þetta 10 km ákvæði við ef það er verið að breyta eða breikka 10+ km vegkafli. Nýjrir vegir fara bara í umhverfismat ef þeir eru 4+ akreinar.
19 Quarries and open-cast mining where the surface of the site exceeds 25 hectares, or peat extraction, where the surface of the site exceeds 150 hectares.	2.01 Efnistaka þar sem áætlað er að raska 25 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 500.000 m ³ eða meira.	Efnismagn er ekki tilgreint í ESB, enda er það betra fyrir umhverfið að ná meira magni með því að grafa djúpra og þannig takmarka flatarmálsrask í stað þess að vera með margar grunnar námur.
20 Construction of overhead electrical power lines with a voltage of 220 kV or more and a length of more than 15 km	10.15 Lagning loftlína til flutnings á raforku með a.m.k. 132 kV spennu.	Í ESB fara bara línur sem eru 220+ kV og lengri en 15 km í umhverfismat. Á Íslandi fara allar 132+ kV línur óháð lengd í umhverfismat.
9. Waste disposal installations for the incineration, chemical treatment as defined in Annex I to Directive 2008/98/EC of the European Parliament and of the Council of 19 November 2008 on waste under heading D9, or landfill of hazardous waste , as defined in point 2 of Article 3 of that Directive.	11.2 Förgunarstöðvar þar sem spilliefni eru brennd, meðhöndluð með efnum eða urðuð. Aðrar förgunarstöðvar úrgangs sem meðhöndla meira en 500 tonn af úrgangi á ári .	Í íslenskum lögum eru tveir töluliðir úr tilskipuninni settir saman í einn. Töluliður 9 í tilskipun er eins og í íslenskum lögum, allar förgunarstöðvar fyrir spilliefni fara í umhverfismat. Mörk fyrir aðrar förgunarstöðvar er 100 tonn á dag í tilskipun en á Íslandi fara förgunarstöðvar sem taka meira 500 tonn á ári í umhverfismat.
10. Waste disposal installations for the incineration or chemical treatment as defined in Annex I to Directive 2008/98/EC under heading D9 of non-hazardous waste with a capacity exceeding 100 tons per day .		

Að lokum lýsa samtökin yfir eindregnum stuðningi við frumvarpið og fagna framtaki stjórnvalda að draga úr óparfa reglubyrði.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins


Guðný Hjaltadóttir

Viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði